



Fjölbautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

ÍþRÓ2JF02  
Jökla- og fjallgöngur

Kennarar: Ásdís Björg Ingvarsdóttir asdisbjorg@fsu.is

ABI

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður gengið á Hámund, hæsta topp Eyjafjallajökuls (1666m). Gönguleiðin er nokkuð brött og krefjandi og krefst því úthalds og þolinmæði. Gangan tekur í heildina um 11-13 klst og eftir göngu er haldið heim. Dagsetning göngu er 22., 23. eða 24. apríl, hvaða dagur verður fyrir valinu fer eftir veðri. Ætlast er til að nemendur fari í eina undirbúningsgöngu með kennara áður. Einnig verður farið yfir hvaða útbúnað þarf að hafa með í göngu sem þessa.

Undanfari: ÍþRÓ1PH03 og ÍþRÓ2PL03

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig skipuleggja eigi lengri gönguferðir m.t.t. ferðaáætlunar, gönguleiðar og þátttakenda.
- Hvaða útbúnaðar er þörf í lengri gönguferðum og mikilvægi þess að hafa réttan útbúnað.
- Að aðstæður geta breyst án mikils fyrirvara t.d. veður og þarf að hafa það í huga þegar ferð er skipulögð.
- Mikilvægi þess að geta unnið í hóp og farið eftir þörfum hópsins.

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að vera þáttkandi í krefjandi gönguferð sem reynir á úthald, styrk og andlegt þol.
- Samvinnu sem stuðlar að tillitsemi og hvatningu.

### Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum skal nemandi geta nýtt sér þekkingu sína til að nýta náttúruna til líkamsræktar og hafa kunnáttu til að útbúa sig rétt fyrir krefjandi aðstæður.

## Verkefnaskil

Nemendur skili frásögn um ferðina þar sem þeir fjalla um sína upplifun af göngunni. Þessu verkefni á að skila í síðasta lagi 3. maí.

EF VERKEFNUM ER EKKI SKILAÐ Á RÉTTUM TÍMA FÆR NEMANDI  
EINKUNNINA O FYRIR VERKEFNIÐ.

<b>Námsmat</b>	1. Undirbúningsganga	10%
	2. Ganga á Eyjafjallajökul	50%
	3. Þrautsegja, þolinmæði, samstaða o.fl	30%
	4. Verkefni	10%.

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI.

Einn tími verður bóklegur í upphafi annar. Mæting mánudaginn 15. janúar kl. 15:30 í stofu 1 í lðu.

Undirbúningsgöngur á Ingólfssjall verða farnar miðvikudaginn 17. janúar kl. 15:00 og föstudaginn 19. janúar kl. 14:30. Mæting í lðu.

Undirbúningsfundur fyrir gönguna verður mánudaginn 15. apríl kl. 15:30.

Eyjafjallajökull, lagt af stað með rútu snemma morguns. Dagsetning göngu er 22., 23. eða 24. apríl, hvaða dagur verður fyrir valinu fer eftir veðri. Gengið upp á topp og sömu leið niður. Kostnaður: rúta og leiga á jöklabúnaði (fyrir þá sem ekki eiga) er 9000.- Greiða þarf þetta gjald til Ásdísar í síðasta lagi mánudaginn 5. febrúar.

## Kenndluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Selfoss, 4. Janúar 2024  
Ásdís Björg Ingvarsdóttir